

Kópavogsbær
b.t. Auður Dagný Kristinsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Hafnarfirði 4. ágúst 2021
INN21107004

Efni: Suðurlandsvegur, lagning strengja, beiðni um framkvæmdaleyfi.

Vísað er til erindis Kópavogsbæjar sem barst í tölvupósti til Isavia ohf. dags. 14. júlí sl. þar sem kynnt eru áform Veitna hf. um lagningu 11 kV rafstrengs sem fer m.a. um land flugvallarins á Sandskeiði.

Rekstur flugvallarins er skv. afnotasamningi milli Flugmálastjórnar Íslands og Svifflugfélags Íslands frá árinu 2006, í höndum þess síðarnefnda. Isavia ohf. og Isavia Innanlandsflugvöllir ehf gera ekki athugasemdir við áform um lagningu rafstrengsins, telja öryggi einkaflugs á svæðinu bætt með áformum um að taka niður loftlínu sem rafstrengurinn leysir af hólmi.

Félagið bendir á að nauðsynlegt sé að kynna áformin um lagninguna til Svifflugfélagsins sem rekstraraðila flugvallarins þar sem áformuð lagning fer um athafnasvæði þess og er líklegt til að raska starfseminni á lagningatímanum.

F.h. Isavia ohf. og Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Karl Alvarsson yfirlögfræðingur

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026